



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. mars 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi), 334. mál**

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 10. mars sl. þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreint mál. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á áfengislögum, lögum um verslun með áfengi og tóbak og lögum um aukatekjur ríkisins. Breytingarnar heimila rekstur innlendra vefverslana með áfengi í smásölu til neytenda með nánar tilgreindum takmörkunum.

Að mati SA er um að ræða tímabæra breytingu á áfengislögum. Almennigur og fyrirtæki vilja ráða því hvar og hvenær þau versla og færst hefur verulega í vöxt á síðustu árum að viðskipti séu stunduð í gegnum verslanir á netinu. Það er þægilegt fyrirkomulag, sparar tíma og eykur aðgengi að vörum og þjónustu. Frá árinu 1995 hefur almenningur getað flutt inn áfengi til landsins til einkaneyslu. Í rúman aldarfjórðung hefur almenningur því átt möguleika á að versla áfengi í erlendum verslunum, t.a.m. vefverslunum og fengið vöruna senda heim að dyrum. Með núverandi fyrirkomulagi standa íslenskir áfengisframleiðendur höllum fæti gagnvart erlendum og með breytingunni er staðan jöfnuð að einhverju leyti. Erlendir áfengisframleiðendur geta hins vegar auglýst vöru sína öfugt við þá íslensku. Til þess að jafna stöðuna alveg ætti að stíga skref til frjálrsræðis að fullu, heimila sölu einkaaðila á áfengi og afnema bann við áfengisauglýsingum. Einkareknar sérhæfðar áfengisverslanir geta lotið sömu skilyrðum og verslanir ÁTVR um takmörkun sölu vegna aldurs og innheimtu gjalda og væru leyfisskyldar. Engin ástæða er til þess að haga þessum málum með öðrum hætti hér en í velflestum löndum Evrópu. Afnáam banns við áfengisauglýsingum myndi samhliða styrkja verulega fjárhag frjálstrar fjölmiðlunar í landinu.

Með þeirri breytingu sem nú er hins vegar boðuð er að mati SA verið að stíga þarft en varfærið skref í átt að auknu frjálrsræði í sölu áfengis á Íslandi. Starfsemi er tengist áfengi er leyfisbundin á Íslandi. Svo verður áfram. Sá sem vill starfa við vefverslun áfengis mun þurfa að afla sér vefverslunarleyfis hjá sýslumanni. Með frumvarpinu er kveðið á um strangar reglur um aldur viðtakanda áfengis. Hann þarf í öllum tilvikum að framvísa sönnun um aldur sinn til þess er afhendir áfengið. Sá sem afhendir áfengið getur ýmist verið vefverslunarleyfishafi eða milligönguaðili sem sinnir pósthjónustu. Þess skal getið að slík skilyrði eru ekki gildandi fyrir áfengiskaup í erlendum vefverslunum.

Með frumvarpinu er kveðið á um bann við því að hafa áfengi sýnilegt á starfsstöð vefverslunarleyfishafa. Neytendur sem eiga erfitt með þá freistingu að hafa áfengi til sýnis í



daglegu lífi sínu eru því nánast eins staddir og við núverandi fyrirkomulag. Til þess að versla áfengi í dag þarf að fara í vínbúð en verði frumvarpið að lögum þurfa neytendur að fara inn á ákveðnar vefsíður. Áfengisauglýsingar eru enn bannaðar og sýnileikinn er ekki meiri nema fyrir þá sem svo kjósa. Þeir síðarnefndu munu hins vegar upplifa aukið vöruúrval og sveigjanleika við kaup á áfengi.

SA telja mikilvægt að frumvarpið verði að lögum til þess að stuðlað sé að aukinni samkeppni við áfengissölu og að jafnræði innlendra og erlendra framleiðenda verði tryggt.

**Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins**

*Heiðrún B. Gísladóttir*

**Heiðrún Björk Gísladóttir**